

**Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um kaup Félagsbústaða á eignum á grundvelli samningsmarkmiða Reykjavíkurborgar á uppbyggingarsvæðum - MSS26020027**

Samkvæmt samningsmarkmiðum Reykjavíkurborgar á uppbyggingarsvæðum hafa Félagsbústaðir kauprétt fyrir allt að 5% íbúða fyrir félagslegt leiguhúsnæði á föstu verði bundnu byggingarvísitölu, sem er langt undir markaðsvirði. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska upplýsinga um allar þær eignir sem Félagsbústaðir hafa keypt á grundvelli þessa ákvæðis, hvenær gengið var frá kaupsamningi og fyrir hvaða verð þær voru keyptar. Jafnframt er óskað upplýsinga um það hvort einhverjar þessara eigna hafi verið seldar, hvenær þær voru seldar og fyrir hvaða verð.